

## TRÚNAÐARYFIRLÝSING

1. Undirrituð/undirritaður samþykkir með undirritun undir trúnaðaryfirlýsingu þessa að undirgangast þagnar- og trúnaðarskyldu vegna hvers konar starfa sem undirrituð/undirritaður tekur að sér fyrir yfirkjörstjórn í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar 16. maí 2026 (hér eftir „**verkefnið**“).
2. Þagnar- og trúnaðarskyldan skal taka til hvers konar upplýsinga og gagna sem varða verkefnið og undirrituð/undirritaður hefur fengið eða kann að fá aðgang að í tengslum við verkefnið (hér eftir „**upplýsingarnar**“).
3. Meðal þeirra upplýsinga sem falla undir þagnar- og trúnaðarskyldu samkvæmt yfirlýsingu þessari eru persónuupplýsingar kjósenda og annarra aðila sem tengjast verkefninu, svo sem upplýsingar um nafn, kennitölu og stjórnsmálaskoðanir, upplýsingar um niðurstöður kosninga og önnur atriði sem undirrituð/undirritaður fær vitneskju um í tengslum við verkefnið og sem skal fara leynt með samkvæmt reglum eða fyrirmælum yfirkjörstjórnar, lögum eða eðli máls.
4. Þagnar- og trúnaðarskylda samkvæmt yfirlýsingu þessari nær ekki til upplýsinga sem eru opinberar á þeim tíma sem þær eru veittar eða verða gerðar opinberar með öðrum hætti en við brot á trúnaðaryfirlýsingu þessari eftir að þær eru fengnar.
5. Undirrituð/undirritaður lýsir því hér með yfir að fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og nýta þær ekki í neinum öðrum tilgangi en í tengslum við verkefnið. Óheimilt er að nýta upplýsingarnar, sjálfum sér, vandamönnum eða öðrum til ávinnings og skal undirrituð/undirritaður ekki miðla upplýsingunum til annarra óviðkomandi aðila, hvorki nú né síðar. Þagnarskyldan helst þótt verkefninu sé lokið.
6. Um trúnaðaryfirlýsingu þessa gilda íslensk lög og allar málshöfðanir sem leiða af henni skal reka fyrir Héraðsdómi \_\_\_\_\_.

---

**Staður og tími**

---

**Undirskrift**